



Málþroskaskimanir fyrir börn í leikskóla eru nokkrar. Hér á eftir eru upplýsingar um fjórar skimanir sem mest eru notaðar:

1. EFI-2

EFI-2 er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á 4. ári, ætlað þeim sem koma að sérkennslu barna í leikskólum. EFI-2 málþroskaskimun gefur markvissar niðurstöður til að meta hvort þörf er á frekari greiningu fagaðila.

2. Hljóm-2

Hljóm-2 er hljóð- og málvitundarskimun, notað til að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska. Börn sem fara í Hljóm-2 þurfa að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára, 1 mánaða og 15 daga.

3. Orðaskil

Orðaskil er ætlað að mæla orðaforða barna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningargerð frá 18 mánaða til 3 ára. Oftast notað ef grunur leikur á að um seinkaðan málþroska er að ræða. Foreldrar fylla út listann.

4. TRAS

TRAS er skráningartæki, notað til þess að skrá og fylgjast með málþroska 2-5 ára barna. Hvert og eitt barn á sitt skjal og fyllt er út í reitina 2x á ári frá tveggja ára aldri út leikskólagönguna.

Misjafnt er hvaða málþroskaskimanir leikskólar nota, en það er val leikskólans.

Frekari upplýsingar um hverja málþroskaskimun má lesa hér fyrir neðan:





EFI-2, málþroskaskimum barna sem eru á 4. ári.

Hvað?

- EFI-2 málþroskaskimun er skimun á málskilningi og máltjáningu barna, sem eru á 4. ári.
- EFI-2 málþroskaskimun er ætlað leikskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem koma að sérkennslu barna í leikskólum (á 4. ári).
- EFI-2 málþroskaskimun er ætlað að finna þau börn sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu.

Hvernig?

- Fyrirlögn EFI-2 felst í að barn og kennari eiga saman rólega stund og skoða saman fallega myndabók. Kennari leitar svara við ákveðnum spurningum sem flestar tengjast myndum í myndabókinni, þ.e. barnið svarar spurningum tengdum myndunum eða daglegu lífi þess. Fyrirlögn tekur u.þ.b. 10 mínútur.
- EFI-2 málþroskaskimun er ætluð til notkunar í leikskólum fyrir leikskólakennara eða annað sérmenntað starfsfólk

Nýting niðurstaðna

- EFI-2 málþroskaskimun gefur markvissar niðurstöður til að meta hvort þörf er á frekari greiningu fagaðila. – Niðurstöður sýndar á hundraðstölukvarða nýtast vel við ráðgjöf til foreldra.
- Ef niðurstöður sýna þjálfunarpörf ætti ákveðið ferli að fara í gang í samráði við foreldra og sérkennara leikskóla.
- Grípa ætti strax inn með markvissum aðgerðum og snemmtækri íhlutun.
- Aðeins þeir leikskólakennarar eða sérhæft starfsfólk leikskóla sem sótt hafa námskeið í fyrirlögn og túlkun EFI-2 málþroskaskimunar fá leyfi til að nota EFI-2. Höfundar skimunarinnar hafa umsjón með námskeiðum, nánari upplýsingar um námskeið: elmar@ismennt.is

Áherslur í Menntastefnu

- Áhersluþættir menntastefnu Reykjavíkur til 2030 eru fimm, félagsfærni, sjálfefling, læsi, heilbrigði og sköpun.
- Mælt er með að leikskólar haldi utan um niðurstöður EFI-2 málþroskaskimun á markvissan hátt. Nota mætti hlutfall barna sem fara í prófið og þurfa stuðning, sem mælikvarða menntastefnu í áhersluþættinum læsi.

Tengiliður/stuðningur

- Til að fá frekari upplýsingar um EFI-2 er hægt að senda fyrirspurn til **Fjólu Þorvaldsdóttur, verkefnisstjóra sérkennslu** á fagskrifstofu leikskóla hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fjola.thorvaldsdottir@reykjavik.is
- Frekari upplýsingar um EFI-2 málþroskaskimun [á glærum](#)





Hljóm-2 fyrir leikskóla

Hvað?

- Hljóm-2 er skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna.
- Aðaltilgangur Hljóm-2 er að finna þau börn sem eru með frávík í málþroska til að hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og draga úr áhættu á lestrarerfiðleikum síðar.
- Hljóm-2 er lagt fyrir í flestum leikskólum landsins og hafa yfir 1000 leikskólakennarar sótt námskeið og fengið réttindi til að leggja prófið fyrir.

Hvernig?

- Í Hljóm-2 eru lögð fyrir 7 prófatriði sem öll gefa vísbendingar um ákveðna áhættu eða ekki. Þau skiptast í eftirfarandi flokka:
 - Rím, sem reynir á heyrnræna úrvinnslu, (ekki myndræna eins og við erum vön).
 - Samstöfur, annað orð yfir atkvæði, þar sem barnið þarf að klappa atkvæðin í ákveðnum orðum.
 - Samsett orð, þar sem barnið heyrir tvö orð og á að setja saman í eitt.
 - Hljóðgreining, þar á barnið að hlusta eftir ákveðnum hljóðum í orðum.
 - Margræð orð, þar á að greina hvaða tvær myndir af fjórum nota orð sem hljóma hljóðfræðilega eins eða næstum eins.
 - Orðhlutaeyðing, þar þarf að hlusta eftir hvaða orð verður eftir ef fyrri hluta samsetts orðs er sleppt.
 - Hljóðtenging, þar verður barnið að tengja 2-3 máhljóð heyrnrænt í orð.
- Reiknað er með að prófa öll börn í leikskólanum þegar þau hafa náð tilteknum aldri. Sum börn þarf að prófa oftari en einu sinni, bæði vegna þess að þau eru hugsanlega alveg á mörkum í aldri og eins líka ef illa hefur gengið vegna t.d. utanaðkomandi aðstæðna í próftímanum.

Hvenær?

- Þegar Hljóm-2 er lagt fyrir, þurfa börnin að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára, 1 mánaða og 15 daga.
- Niðurstöður eru reiknaðar út frá nákvæmum aldri barnsins og gefa til kynna góða færni, meðalfærni, slaka færni eða mjög slaka færni.

Nýting niðurstaðna

- Ef barn kemur út með slaka eða mjög slaka færni þarf að skoða nánar hvað liggur að baki og hvernig staðan er á þeirra eigin tungumáli ef það er annað en íslenska.
- Þau börn sem mælast með slaka eða mjög slaka færni þurfa auka þjálfun í hljóðkerfisvitund ýmist einstaklingslega eða í hópi. Dagleg þjálfun, heima og í leikskóla, hjálpar börnum að ná tökum á þessum þáttum.
- Inn á vef [Menntamálastofnunar](#) má finna gagnlegar upplýsingar um HLJÓM-2. Þar eru meðal annars [talglærur](#) sem fjalla um hvernig unnið er með niðurstöður og [hugmyndabanki](#) frá kennurum um þjálfun hljóðkerfisvitundar.





Áherslur í Menntastefnu

- Áhersluþættir menntastefnu Reykjavíkur til 2030 eru fimm, félagsfærni, sjálfefling, læsi, heilbrigði og sköpun.
- Mælt er með að leikskólar haldi utan um niðurstöður Hljóm-2 á markvissan hátt. Nota mætti hlutfall barna sem kemur út með góða færni á Hljóm-2, sem mælikvarða menntastefnu í áhersluþættinum læsi.
- [Gátlistar menntastefnu Reykjavíkur](#) eru gagnlegir leikskólum til að skoða/meta hvernig þeim gengur að efla þætti stefnunnar (innra mat/sjálfsmat). Leikskólar velja sjálfir hvort þeir noti gátlistana.

Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar um Hljóm-2 má lesa inn á heimasíðu [Menntamála-stofunnar](#)
- Til að fá frekari upplýsingar er hægt að senda fyrirspurn til Menntamálastofunnar; hljom-2@mms.is eða hringja í síma 5147500
- Upplýsingar um Hljóm-2 á [glærum](#)





Orðaskil, málproskapróf sem byggir á orðaforðagátlista.

Hvað?

- Orðaskil er ætlað að mæla orðaforða barna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningargerð frá 18 mánaða til 3 ára.
- Fyrrihluti orðaforðagátlistans inniheldur 705 orð sem raðað er upp í 22 efnisflokka. Seinni hluti inniheldur svo setningar, flóknar og einfaldar.
- Oftast notað ef grunur leikur á að um seinkaðan málproska er að ræða.

Hvernig?

- Foreldrar fylla út listann og merkja við þau orð sem þau hafa heyrt börnin sín nota.
- Aldursviðmið fylgja svo hægt er með samanburði við þau að skoða hvort málproski barna teljist falla innan eðlilegra marka meðal jafnaldra.
- Sérkennslustjóri leikskólans reiknar út úr prófinu og kynnir niðurstöður fyrir foreldrum.

Nýting niðurstaðna

- Ef niðurstöður sýna þjálfunarpörf ætti ákveðið ferli að fara í gang í samráði við foreldra og sérkennara leikskóla.
- Grípa ætti strax inn með markvissum aðgerðum og snemmtækri íhlutun.

Áherslur í Menntastefnu

- Áhersluþættir menntastefnu Reykjavíkur til 2030 eru fimm, félagsfærni, sjálfefling, læsi, heilbrigði og sköpun.
- Mælt er með að leikskólar haldi utan um niðurstöður Orðaskils á markvissan hátt. Nota mætti hlutfall barna sem fara í prófið og þurfa stuðning, sem mælikvarða menntastefnu í áhersluþættinum læsi.

Tengiliður/stuðningur

- Til að fá frekari upplýsingar um Orðaskil er hægt að senda fyrirspurn til **Fjólu Þorvaldsdóttur, verkefnisstjóra sérkennslu** á fagskrifstofu leikskóla hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fjola.thorvaldsdottir@reykjavik.is
- Frekari upplýsingar um Orðaskil [á glærum](#)





TRAS skráningartæki um málþroska barna í leikskóla

Hvað?

- TRAS skráningartækið er notað til þess að skrá og fylgjast með málþroska 2-5 ára barna.
- TRAS-skráningartækið hjálpar leikskólakennurum að finna börn sem hafa frávik í málþroska og grípa inn í.

Hvernig?

- TRAS er notað til að fylgjast með málþroska ungra barna á markvissan og skipulegan hátt.
- Þeir sem leggja fyrir TRAS skráningarlistann þurfa að hafa farið á réttindanámskeið hjá [Endurmenntun Háskóla Íslands](#).

Hvenær?

- Hvert og eitt barn á sitt skjal og fyllt er út í reitina 2x á ári frá tveggja ára aldri út leikskólagönguna.

Nýting niðurstaðna

- Niðurstöður hjálpa til við að finna þau börn sem hafa frávik í málþroska og leita leiða til stuðnings.
- Hægt er að grípa strax inn í ef um frávik er að ræða með markvissum aðgerðum og snemmtækri íhlutun.

Áherslur í Menntastefnu

- Áhersluþættir menntastefnu Reykjavíkur til 2030 eru fimm, félagsfærni, sjálfefling, læsi, heilbrigði og sköpun.
- Mælt er með að leikskólar haldi utan um niðurstöður TRAS á markvissan hátt. Nota mætti hlutfall barna sem kemur út með góða færni/eða þurfa stuðning, sem mælikvarða menntastefnu í áhersluþættinum læsi.

Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar um TRAS má lesa inn á heimasíðu [Menntamálastofunnar](#) eða hringja í síma 5147500.
- Frekari upplýsingar um TRAS [á glærum](#)

